

Ísafjarðarbær  
Bt. Kristján Svan Kristjánsson  
Byggingarfulltrúi  
Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1  
400 Ísafjörður

Reykjavík 21. nóvember 2024

**Efni: Umsókn um stöðuleyfi fyrir fjarskiptagám á Dynjandisheiði.**

Neyðarlínan ohf. í samvinnu við fjarskiptafélagið Nova hf vinnur að tilraunaverkefni er lítur að uppsetningu á fjarskiptastað á Dynjandisheiði. Lengi hefur verið kallað eftir úrbótum á fjarskiptum bæði fyrir almenning en einnig fyrir rekstraraðila innviða ss vegagerð og orkugeirann og ekki hvað síst fyrir viðbragðsaðila sem sinna verkefnum á þessum erfiða fjallvegi.

Helsta hindrun þess að fjarskiptasamband þarna verið bætt er hve langt er í, og erfitt að sækja til grunninnviða sem þarf til að reka fjarskiptabúnað, það er aðgangur að rafmagni og gagnatengingum ss. ljósleiðara.

Neyðarlínan hefur síðan í sumar sl. unnið að lausn sem lítur að því að reka fjarskiptastað án þess að þurfa slíka grunn innviði, þetta er gert með því að koma fjarskiptabúnaði fyrir í gám þar sem einnig er rafstöð, tengibúnað fyrir sólarrafhlöður og rafgeymar sem hafa verið teknir úr bifreiðum og eru með þessu endurunnir. Þarna verið að leitast við að nýta sólarorku og endurunna rafgeyma sem mest sem orkugjafa fyrir fjarskiptabúnaðinn en til þrautavara er einnig rafstöð sem verður keyrð inná kerfi eftir þörfum. Tilraunir hafa gengið vel og teljum við að hægt sé að láta á þessa lausn reyna til að bæta úr afar stopulu fjarskiptasambandi á Dynjandisheiði.

Til að koma þessari tilraun af stað og í virkni óskum við eftir stöðuleyfi fyrir gám á meðfylgjandi staðsetningu nálægt Þverfelli á Dynjandisheiði. Þegar hefur verið haft samband við Umhverfisstofnun vegna verkefnisins og Vegagerðina.

Við vonumst eftir hraðri afgreiðslu málsins þar sem þegar er langt liðið að vetri og mikilvægt að koma þessum búnaði á staðinn sem fyrst.

Virðingarfyllst,



Sigurður Ingi Hauksson  
Forstöðumaður Dreifikerfa